



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

150. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 16. nóvember 1989 og hófst hann kl. 17:00.

Mættir: Ægir Sigurðsson, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Sturlaugur Ólafsson, aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

1. Houstönn 1989.

Ægir Sigurðsson, skólameistari skýrði frá gangi mála og gat þess m.a. að hlutirnir hefðu gengið eðlilega fyrir sig, kennslu lyki 8. desember og útskrift væri fyrirhuguð 22. desember. Dagskólanemendur eru um 600 og 16 nemendur á flugliðabraut. Um 130 nemendur eru í öldungadeild í 15 áföngum.

Skólameistari sagði frá því að bræðurnir Páll og Birgir Axelssynir hefðu gefið skólanum 180 ha. ljósavél ásamt rafli. Vél þessari verður komið fyrir í vélasal skólans að lðavöllum 1 og verður mikil lyftistöng fyrir alla kennslu á vélstjórnarbraut. Gjóf þeirra bræðra sýnir þann velvilja sem Suðurnesjamennta bera til skólans og stjórnendur hans eru sífellt minntir á.

Ákveðið var að taka við vélinni með formlegum hætti þegar uppsetningu hennar er lokið. Skólanefnd flytur þeim bræðrum bestu þakkir.

2. Fjármál - frumvarp til fjárlaga 1990.

Jón Sæmundsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir ýmsu sem lýtur að fjármálum skólans m.a. að sveitarfélög skulda skólanum 1. nóv. 3.6 m kr. og hefur sigið á verri veg síðustu mánuðina.

Fjármálastjóri lagði fram nákvæma útreikninga á launum annara starfsmanna en kennara FS fyrir 1990, á verðlagi 1. nóv. s.l. Í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir yfirvinnu. Samkvæmt þessum útreikningum verður launakostnaður árið 1990 kr. 8.926.369. Heildar launagreiðslur til sömu aðila í fjárlögum 1990 er kr. 8.262.369. Mismunur er kr. 669.369.

Í umræðum kom fram að í skólanum væru ákveðnir álagstímar þar sem ekki verður komist hjá yfirvinnu, því er augljóst að hér vantar á aðra m. kr. til að endar nái saman.

Samþykkt var að skrifa Fjárhags og hagsýslustofnun bréf þar sem vakin er athygli á þessum staðreyndum.

Skólameistari greindi frá fyrirhuguðum fjárveitingum til skólans á næsta ári. Í fjárlagafrumvarpinu er sú breyting frá því sem verið hefur að ýmis framlög til framhaldsskóla fara inn á safnliði, svo sem viðhald, tækjabúnaður, tölvubúnaður og skólakstur, síðan verður hverjum skóla úthlutað úr þessum safnliðum.

Ekkert er vitað hvað hver skóli fær í sinn hlut, þó er ljóst að þar verður nautt skammtað, t.d. er í frumvarpinu gert ráð fyrir 10.8 m.kr. til skólaaksturs fyrir alla framhaldsskóla, en aksturskostnaður FS nú á þessu ári verður 5.6 m. kr. þar af vegna nemenda 4.5 m.kr.

3. Ráðning starfsfólks.

Skólameistari upplýsti eftirfarandi: Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga árið 1990 er gert ráð fyrir að við önnur störf en kennslu verði heimilað í FS 5.75 stöður við húsvörslu, bókevörslu, matseld og f.l. auk kostnaðar við ræstingu. Nú eru við skólann 6 stöðugildi í þessum störfum.

Menntamálaráðuneytið mun í samráði við Fjárhags- og hagsýslustofnun og fjármálaráðuneytið hlutast til um við fjárveitinganefnd Alþingis, að veitt verði heimild til verkefnaráðningu fyrir 0.25 stöðugildi, þannig að tala starfsmanna við skólann verði óbreytt eftir yfirtöku ríkisins á umræddri starfsemi. Samkvæmt upplýsingum frá

Menntamálaráðuneytinu munu launakjör ofangreindara starfsmanna verða óbreytt frá því sem verið hefur í öllum megin atriðum.

4. Húsnæðismál.

Formaður skólanefndar, Guðmundur Björnsson, greindi frá svari SSS við bréfi skólanefndar frá 27. september s.l. varðandi framtíðarskipan húsnæðismála skólans.

Formanni var falið að skrifa stjórn SSS bréf og skýra nánar afstöðu skólanefndar til þessa máls.

5. Trúnaðarmál.

6. Erindi K.F.S.

Lagt var fram bréf frá K.F.S. þar sem kemur fram ósk um að skólanefnd leiti leiða til að sá ferðastyrkur sem kennarar búsettir utan Keflavíkur og Njarðvíkur hafa haft verði ekki afnuminn, þó rekstur skólans verði alfarið í höndum ríkisins eftir næstu áramót.

Samþykkt að athuga þetta mál sérstaklega.

7. Önnur mál.


a) Skólameistari upplýsti að einkafyrirtæki hefðu sóst eftir húsnæði til kennslu á kvöldin og um helgar. Skólanefnd er þessu máli samþykk, en fjármálastjóra var falið að annast gjaldtöku fyrir leiguna.


b) Ægir Sigurðsson skólameistari gerði að umræðuefni fyrirhugaða yfirtöku ríkisins á rekstri skólans um næstu áramót. Hann hvað það hafa komið fram í umræðum við opinbera aðila sem þetta mál varðar að viss tilhneiging væri til að flytja sem mest af fjársýslu skólans til Reykjavíkur.

Skólanefnd er alfaríð á móti því og telur lágmark að þetta haldist óbreytt fyrst um sinn og stefna beri að því að öll fjársýsla skólans verði í höndum heimamanna enda í anda laganna um þetta efni.

Skólanefnd telur að mál af þessu tagi sé á morgun hátt angi af miklu stærra máli en það er ásókn stjórnenda þjóðfélagsins að draga alla hluti til Reykjavíkur og beri að spyrna þar við fótum með öllum tiltækum ráðum.

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri og fundarritari.


Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.